# Félag rannsóknastjóra á Íslandi

*Ársskýrsla fyrir tímabilið maí 2016 til apríl 2017*

Í skýrslunni er sagt frá því sem helst var á döfinni hjá félaginu á fimmta starfsári þess, tímabilið maí 2016 til apríl 2017

Ásta Sif Erlingsdóttir

5/5/2017

Apríl 2017




Reykjavík 10.april 2017

Ágæti félagi,

Félag rannsóknastjóra á Íslandi boðar til aðalfundar félagsins föstudaginn 5. maí kl. 11.00 – 12.00

***Fundurinn verður haldinn á Grand hótel – fundaherbergi Gallerí***

Dagskrá aðalfundar:

1. *Kosning fundastjóra og fundaritara*
2. *Skýrsla stjórnar lögð fram*
3. *Reikningar lagðir fram til samþykktar*
    *3a Kosning eftirlitsmanns*
4. *Lagabreytingar*
5. *Ákvörðun félagsgjalds*
6. *Kosning stjórnar*
7. *Önnur mál*
    *Kynning á BestPrac verkefninu og afurðum þess*

*Eftir fundinn bjóða RANNIS og Félag rannsóknastjóra til hádegisverðar, og eftir hádegi verður dagskrá í tilefndi 10 ára afmælis ERC áætlunarinnar.*

Með von um að sjá ykkur sem flest.

f.h. stjórnar Félags rannsóknastjóra á Íslandi

*Ásta Sif Erlingsdóttir*, formaður

*Athugið að atkvæðisrétt á aðalfundi hafa einungis skuldlausir félagsmenn*

# Félag rannsóknastjóra á Íslandi
## Ársskýrsla fyrir tímabilið maí 2016 til apríl 2017

# Um félagið

Félagið var stofnað 19. nóvember 2012.

Markmiðið með samstarfinu er að:

- rannsóknastjórar deili með sér þekkingu
- halda sameiginleg námskeið fyrir rannsóknastjóra
- auka vægi rannsóknastjóra sem einnar heildar í rannsóknaumhverfinu
- og síðast en ekki síst nýta mátt fjöldans ef þrýsta þarf á „kerfið“

Og þátttaka í norrænu/evrópsku og alþjóðlegu samstarfi rannsóknastjóra.

30 félagar skráðu sig í félagið fyrsta árið, og hófst félagsstarfið með aðalfundi 24. apríl 2013. Félagsmenn eru nú 43. Aðalfundur ársins 2016 var haldinn 20.mars 2016 í Háskólanum í Reykjavík, á dagskrá voru almenn aðalfundarstörf og stjórnarkjör.

# Stjórnin er þannig skipuð, eftir aðalfund 2016:

Formaður Ásta Sif Erlingsdóttir, Háskóla Íslands

Gjaldkeri Kristján Kristjánsson, Háskólanum í Reykjavík

Ritari Oddný Gunnarsdóttir, Landspítala-háskólasjúkrahúsi

Varmenn:

Elísabet Andrésdóttir, RANNIS

Anna Kristín Daníelsdóttir, MATÍS

# Stjórnarfundir

Stjórnin hélt 4 fundi auk aðalfundar á árinu. Allar fundargerðir voru birtar jafnóðum á vef félagsins.

# Félagsmenn

Í upphafi árs 2017 eru skráðir félagar 43.

# Fjármál

Í lok tímabils er eiginfjárstað góð. Gjaldkeri gerir nánar grein fyrir fjármálum.

# Vefsíða

Vefsíða Félags rannsóknastjóra á Íslandi: http://icearma.is/ fór í loftið haustið 2013 – þar eru nú upplýsingar um lög félagsins, félagatal, fundagerðir, fréttir og krækjur á systursamtök okkar í nokkrum löndum. Hvetjum við félagsmenn til að fylgjast með á síðunni og skoða vefsíður systursamtaka.

# Deiling þekkingar

Eins og segir í markmiðum félagsins þá er í félagsstarfinu leitast við að skapa vettvang fyrir rannsóknastjóra til að deila með sér þekkingu og einnig að fá utan að komandi aðila til að koma og kynna það sem þeir eru að gera og nýta samtakamátt okkar til að þrýsta á kerfið.

## Uppbyggingasjóður EFTA

Fundur um uppbyggingasjóð EFTA var haldinn með Þorsteini Björnssyni starfsmanni sjóðsins, í húsakynnum RANNIS föstudaginn 10. júní 2016.

11 manns mættu á fundinn sem var áhugaverður.  Í framhaldi af fundinum tóku rannsóknastjórar Háskóla Íslands þátt í, í sameiningu, að svara spurningum um reynslu af sjóðnum og um hvað mætti betur fara í sambandi við hann.  Einnig voru sendar tillögur um þetta til Þorsteins, sem hann kom á framfæri innan sinnar stofnunar í Brussel.

# Málstofa á Bifröst

Málstofa um þátttöku í H2020 út frá sjónarhóli félagsvísinda og um opinn aðgang var haldin í Háskólanum Bifröst 14. október 2016. EARMA styrkti okkur til að fá Miriam Siesling, Tilburg University til að koma með kynningu á efninu. Þátttakendur voru 12 og tókst málstofan vel.

How to participate in Horizon 2020 from an SSH point of view

Main speaker: Dr.mr. Mirjam Siesling, *Subsidy Advisor*

*Tilburg School of Economics and Management; Tilburg University*

**Date**: October 14, 2016

**Venue**: Bifröst University

**Program:**

| | |
|---|---|
| 10:30-11:00 | Registration. Coffee |
| 11:00-11:15 | Welcome and opening of the event. (Participants present themselves) |
| 11:15-12:00 | **Sigrún Ólafsdóttir, *The Icelandic Centre for Research, Senior Adviser*** <br> ***Next calls in H2020 – SSH and Iceland's success in closed calls*** |
| 12:00-12:15 | Discussion |
| 12:15:13:00 | Lunch |
| 13:00-16:00 | M.Siesling. SSH in Horizon 2020 <br> Dr. Siesling will describe the research profile of Tilburg University and its strategy employed within H2020 (and previously FP7). She will then draw from experience and discuss how grant support is organized within TiU and the role of supporting staff. Further topics include the value of collaboration for fundamental research and the management of networks and partnerships. |
| 16:00-16:45 | **Birna Gunnarsdóttir, project manager - University of Iceland** <br> **Open Access in Iceland - Introduction** <br> Með opnun rafræna varðveislusafnsins www.opinvísindi.is hjá Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni varð til vettvangur fyrir íslenskt fræðasamfélag til að birta verk sín í opnum aðgangi í samræmi við stefnur háskóla og styrkjasjóða. Í kynningunni verður fjallað um kröfur um opinn aðgang, mismunandi leiðir að opnum aðgangi, skráningu efnis í varðveislusafnið opinvísindi.is, creative commons höfundaleyfi og notkun ORCID auðkennis. |
| 16:45-17:00 | Discussion |
| 17:00 | Closing <br> Free time activities |
| 17:30-18:30 | Walk to Glanni waterfall |
| 19:00- | Dinner at Hotel Bifröst |

# Félagsfundur í Háskólanum í Reykjavík

30. mars var haldinn opinn fundur í Háskólanum í Reykjavík þar sem fundarefni var : kynning frá Rannís Rannsóknasjóð. Auk þess sem kynntar voru breytingar á sóknarstyrkjum. Fundinn sóttu 14 manns og urðu umræður líflegar.

## Undirbúiningur vegna samstarfs við RANNIS um ERC málstofu

Þá er vert að nefna að ákveðið var að taka þátt í undirbúningi og kostnaði vegna málstofu með kynningum á ERC áætluninni og ERC verkefnum sem Íslendingar taka þátt í, í tilefni 10 ára afmælis áætlunarinnar. Málstofan verður haldin 5. maí 2017 á Grand hótel.

# Samstarf jafnt innlent sem erlent

Samstarf rannsóknastjóra er mikilvægt jafnt innan lands sem utan og hvetjum við rannsóknastjóra til að kynna sér hina ýmsu möguleika sem gefast á samstarfi. Eins og áður er sagt frá í þessari skýrslu þá er Félag rannsóknastjóra á Íslandi aðili að EARMA – Evrópusamstarfi rannsóknastjóra, en það félag á aðild að alþjóðlegum samtökum rannsóknastjóra iNORMS. EARMA heldur árlega stóra ráðstefnu þar sem fjallað er um það sem helst er á döfinni í Evrópu, kynntar eru rannsóknaáætlanir og styrkjamöguleikar og komið á samstarfi. Við hvetjum alla félaga, sem eiga þess kost, til að taka þátt í þessum viðburðum, að okkar mati, sem höfum sótt þá, fæst þar bæði ómetanleg reynsla og góð tengsl með þátttöku.

Þá viljum við einnig hvetja alla félaga til að senda inn hugmyndir að verkefnum, námskeiðum, fundum og öðru sem vert er að vinna á vettvangi félagsins.

## Alþjóðlegt samstarf

Félag rannsóknastjóra á Íslandi er aðili að evrópskum samtökum rannsóknastjóra; EARMA, og eiga allir félagar í íslenska félaginu þannig einnig aðild að EARMA. Um leið og félagið hafði verið skráð í EARMA fóru að berast boð um þátttöku í ýmsum ráðstefnum, verkefnum og samstarfi.

Til að mynda hafa nokkrir félagsmenn tekið þátt í árlegri ráðstefnu EARMA. Á tímabilinu voru tvær EARMA ráðstefnur, önnur í Luleå í Svíþjóð í júní 2017 og hin á Möltu í apríl 2017. Eru þessar ráðstefnur alltaf mjög gagnlegar jafnt faglega og fyrir tengslamyndun. Í framhaldi af þátttöku nokkurra félaga í alþjóðlegri ráðstefnu iNORMS í Washington 2014 var ákveðið að Félag rannsóknastjóra á Íslandi yrði einnig aðili að iNORMs (alþjóðleg samtök rannsóknastjóra). Formaður Icearma tók þátt í iNORMS ráðstefnu sem haldin var í Melbourne í Ástralíu í september 2016.

Þessi tvö alþjóðlegu samtök og einnig SRA (Society of Research Administrators) senda reglulega til okkar boð um þátttöku í ráðstefnum og fundum og einnig boð um aðgang að vefútsendingum á námskeiðum, sem við höfum rætt um að við ættum að

reyna að nýta okkur. Jafnvel að hóa saman hópi til að taka þátt í slíkum námskeiðum.

Um miðjan maí 2017 mun SRA halda ráðstefnu á Íslandi og auglýsti Félag rannsóknastjóra á Íslandi styrki fyrir félagsmenn sem hug hafa á að sækja ráðstefnuna.

Þá hefur formaður tekið þátt í iNORMS vinnuhópi þar sem gerð var greining á því hvað hópar rannsóknastjóra vilja helst að samtökin geri fyrir þá.

Niðurstöður voru helstar þær að eftirspurn væri eftir vefnámskeiðum, styrkjum og stuðningi við mannaskipti/heimsóknir milli stofnana og að fá reynda rannsóknastjóra til að miðla þekkingu sinni til annarra. Þessar hugmyndir eru allar hafa nokkrar verið framkvæmdar og hefur félögum í Icearma boðist að taka þátt í vefnámskeiðum á þeirra vegum.

## COST verkefni

Félagið tekur þátt í COST verkefni um samstarf rannsóknastjóra í Evrópu. Verkefnið nefnist BESTPRAC og mun því ljúka næsta haust. Tveir fastir fulltrúar félagsins taka þátt í verkefninu, auk þess sem fjórir aðrir einstaklingar hafa skráð þátttöku í einstökum vinnuhópum og hafa í því sambandi sótt fundi og námskeið og fengið mikilsverð sambönd og upplýsingar frá starfsfélögum annars staðar í Evrópu.

Árið 2016 og 2017 voru haldnir nokkrir fundir í verkefninu og tóku íslenskir fulltrúar virkan þátt í þeim öllum.

Verkefnið var tveggja ára verkefni í upphafi en var framlengt í 4 ár. Árangur af því hefur verið mikill og hafa verið gefnar út leiðbeiningar á þess vegum um ýmis málefni sem rannsóknastjórar fást við. T.d. um lagalega ramma samstarfsverkefna, um fjármál og um hvernig skilgreiningar á störfum rannsóknastjóra eru í Evrópu. Um allt þetta má lesa á vefsíðu verkefnisins: http://www.bestprac.eu/home/

Meðal þess sem COST verkefnið hefur unnið að er að bjóða rannsóknastjórum í heimsóknir milli landa.

Vekjum athygli á að þessar heimsóknir eru auglýstar reglulega á vefsíðu BESTPRAC og allir geta nýtt sér þær.

# Félagaskrá

| Nafn | Titill | Stofnun | Netfang |
|---|---|---|---|
| Aðalheiður Jónsdóttir | Kynningarstjóri | Rannís | alla@rannis.is |
| Anna Kristín Daníelsdóttir | Sviðsstjóri | Matís | annak@matis.is |
| Ása Vala Þórisdóttir | Rannsóknastjóri | Heilbrigðisvísindasvið HÍ | asavala@hi.is |
| Ása L. Aradóttir | Prófessor | Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri | asa@lbhi.is |
| Ásta Sif Erlingsdóttir | Deildarstjóri | Vísinda- og nýsköpunarsviði HÍ | astasif@hi.is |
| Baldvin Zarioh | Deildarstjóri | Vísinda- og nýsköpunarsviði HÍ | bmz@hi.is |
| Birna Gunnarsdóttir | Verkefnastjóri | Vísinda- og nýsköpunarsviði HÍ | birnag@hi.is |
| Björgvin Ægir Richardsson | Verkefnastjóri | Rannsóknarþjónusta HR | bjorgvinr@hr.is |
| Droplaug Ólafsdóttir | Verkefnastjóri | Veðurstofa Íslansds | droplaug@vedur.is |
| Eiríkur Smári Sigurðarson | Rannsóknastjóri | Hugvísindasvið HÍ | eirikursmari@gmail.com |
| Elísabet M Andrésdóttir | Sviðsstjóri alþjóðasviðs | Rannís | elisabet@rannis.is |
| Gréta Björk Kristjánsdóttir | Rannsóknastjóri | Verkfræði- og náttúruvísindasvið HÍ | greta@hi.is |
| Guðbjörg Andrea Jónsdóttir | Forstöðumaður | Félagsvísindistofnun HÍ | gudbjorg@hi.is |
| Guðlaug Erna Karlsdóttir | Verkefnastjóri | Heilbrigðisvísindasvið HÍ | gek@hi.is |
| Guðlaug Þóra Kristjánsdóttir | Verkefnastjóri | Miðstöð framhaldsnáms við HÍ | gudlaugkr@hi.is |
| Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir | Forstöðumaður | Háskólinn á Akureyri | gudrunth@unak.is |
| Gyða Einarsdóttir | Verkefnastjóri | Vísinda- og nýsköpunarsvið HÍ | gydae@hi.is |
| Halldór Jónsson | Sviðsstjóri vísinda- og nýsköpunarsviðs | Vísinda- og nýsköpunarsviði HÍ | dorij@hi.is |
| Helgi Thorarensen | Sviðsstjóri rannsóknasviðs | Háskólinn að Hólum | helgi.thorarensen@gmail.com |
| Hörður G. Kristinsson | Rannsóknastjóri | Matís | hordur@matis.is |
| Kári Joensen | Forstöðumaður | Háskólinn á Bifröst | kari@bifrost.is |
| Kristín Erla Harðardóttir | Forstöðumaður | Menntavísindasvið HÍ | krishar@hi.is |
| Jórunn Harðardóttir | Sviðsstjóri úrvinnslu og rannsókna | Veðurstofa Íslands | jorunn@vedur.is |
| Kristján Kristjánsson | Framkvæmdastjóri | Rannsóknarþjónusta HR | kk@hr.is |
| Kristmundur Þór Ólafsson | Sérfræðingur á alþjóðasviði Rannís | Rannís | kristmundur.olafsson@rannis.is |
| Margrét Guðmundsdóttir | Verkefnastjóri | Hugvísindasviði | mgu@hi.is |
| Oddný S. Gunnarsdóttir | Verkefnastjóri | Landspítalinn | oddnygun@landspitali.is |
| Ólöf Gerður Sigfúsdóttir | Forstöðumaður | Listaháskóli Íslands | olofg@lhi.is |
| Ólöf Vigdís Ragnarsdóttir | Verkefnastjóri | Vísinda- og nýsköpunarsviði HÍ | ovr@hi.is |
| Pia Elisabeth Hansson | Forstöðumaður | Félagsvísindasvið - Alþjóðamálastofnun | pia@hi.is |
| Ragnheiður Hulda Proppé | Rannsóknastjóri | Félagsvísindasvið HÍ | hproppe@hi.is |
| Reynir Örn Jóhannsson | Verkefnastjóri | Vísinda- og nýsköpunarsviði HÍ | roj@hi.is |
| Sigríður Klara Böðvarsdóttir | Rannsóknastjóri | Liftæknisetri-Læknagarði | skb@hi.is |
| Sigrún Birna Sigurðardóttir | Verkefnastjóri | Félagsvísindasvið HÍ | sigrunbs@hi.is |
| Sigrún Ólafsdóttir | Sérfræðingur á alþjóðasviði | Rannís | sigrun.olafsdottir@rannis.is |
| Sigurður Guðmundsson | Verkefnastjóri | Vísinda- og nýsköpunarsviði HÍ | sigurgud@hi.is |
| Sigurður Guðnason | Framkvæmdastjóri | Raunvísindastofnun | sgud@raunvis.hi.is |
| Sigurður Ólafsson | Verkefnastjóri | Verkefnastofa HÍ | solafs@hi.is |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Soley Gréta Sveinsdóttir Morthens | Þróunarstjóri | Hafrannsóknastofnun | soley.morthens@hafogvatn.is |
| Sólveig Nielsen | Verkefnastjóri | Rannsóknaþjónusta HÍ | solveign@hi.is |
| Svandís Nína Jónsdóttir | Framkvæmda- og rannsóknastjóri | ReykjavíkurAkademían ses | svandis.nina@akademia.is |
| Sverrir Guðmundsson | Verkefnastjóri | Vísinda- og nýsköpunarsviði HÍ | sverrirg@hi.is |
| Úlfar Gíslason | Verkefnastjóri | Vísinda- og nýsköpunarsviði HÍ | ulfarg@hi.is |
| Viðar Helgason | Sérfræðingur á alþjóðasviði | Rannís | vidar.helgason@rannis.is |
| | | | |